

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 46/2006

frá 28. apríl 2006

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2006 frá 10. mars 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/63/EB frá 3. október 2005 um leiðréttingu á tilskipun 2005/26/EB varðandi skrá yfir innihaldsefni í matvælum og efni sem er sleppt til bráðabirgða úr III. viðauka a við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 54zzu (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/26/EB) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32005 L 0063**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/63/EB frá 3. október 2005 (Stjtið. ESB L 258, 4.10.2005, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2005/63/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. apríl 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 147, 1.6.2006, bls. 36, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 28, 1.6.2006, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 258, 4.10.2005, bls. 3.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.